

## Pistill í Húnavöku frá Héraðsskjalasafni A-Hún.

Unnið var að gerð málalykils og skjalavistunaráætlunar fyrir Blönduósbæ í beinu framhaldi af uppsetningu á OneSystem bókhaldskerfinu sem tekin var í notkun á þessu ári. Síðan var haldinn fundur með skólastjóra Blönduskóla og skjalamál skólans tekin til athugunar. Keyptar voru öskjur og umslög fyrir safnkostinn, en sífellt er verið að skrá og ganga frá aðföngum og ekki síður óskráðum skjölum sem til eru fyrir í safninu. Er þetta þrotlaus vinna sem engan endir sér á. Einnig er áframhald á vinnu við skönnun og skráningu á ljósmyndum. Heimasíða safnsins hafði hrunið á árinu og stendur til að endurnýja hana sem fyrst.

En fólk getur alltaf sent tölvupósta eða hringt til að fá upplýsingar um eitt og annað sem ber á góma. Sérstaklega skal vekja athygli á að tölvupóstar eru einnig skjöl sem skal meðhöndla eins og hver önnur bréf. Þetta er bréfasamskipti nútímans. Þannig að ekki eyða tölvupóstum sem innihalda málefni sem skipta máli fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki. Oft hefur komið upp sú staða að tölvupósturinn er eina sönnunin fyrir samskiptum á milli manna.

Eitthvað hefur verið um millisafnalán, veittar upplýsingar og beðið um eitt og annað frá öðrum söfnum, eftir þörfum. Hægt að fá skannaðar myndir og sendar í tölvupósti ef þörf er á.

Nefnd Byggðasamlags um Héraðsskjalasafn Austur Húnavatnssýslu skipa:

Adolf Berndsen, Skagaströnd  
Arnar Þór Sævarsson, Blönduósi  
Guðmundur Haukur Jakobsson, Blönduósi  
Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Ytra-Hóli  
Sigrún Hauksdóttir, Brekku

Heimsóknir, símhringingar og tölvupóstar hafa verið 467 á þessu ári. Reynt hefur verið eftir fremsta megni að verða við öllum fyrirspurnum, bæði í formi símhringinga og tölvupósta.

Að þessu sinni hafa 33 aðilar afhent gögn til safnsins, og þakkar héraðsskjalavörður þeim fyrir. Sumir komu tvisvar með gögn. Sem stærstu afhendinguna má til dæmis nefna ljósmyndasafn Björns Bergmann en ca. 5000 myndir voru færðar safninu á þessu ári. Mikil vinna hefur farið í að skanna og skrá þær og einnig að leita upplýsinga um myndirnar sem ekki voru merktar.

Eftirtaldir færðu safninu skjöl og myndir árið 2015.

Guðrún Blöndal, Blönduósi  
Filipía Helgadóttir, Blönduósi  
Magnús Sigurðsson, Flögu  
Skarphéðinn Ragnarsson, Blönduósi  
Guðmundur Arason, Borgarnesi  
Eðvarð Hallgrímsson, Garðabæ  
Ingibergur Guðmundsson, Skagaströnd  
Ungmennasamband Austur Húnavatnssýslu  
Aðalbjörg Ingvarsdóttir, Blönduósi  
Guðrún Þ. Guðmundsdóttir, Reykjavík  
Karl Smith, Kópavogi  
Kolbrún Zophoníasdóttir, Blönduósi  
Samkaup, Blönduósi

Páll Þórðarson, Sauðanesi  
Hersilía G. Þórðardóttir, Akureyri  
Magnús Ólafsson, Blönduósi  
Elísabet Þorsteinsdóttir, Kiel Þýskalandi  
Alda Theodórsdóttir, Blönduósi  
Sigrún Fossberg Arnardóttir, Sauðárkróki  
Lárus Ægir Guðmundsson, Skagaströnd  
Helga Sigfúsdóttir, Reykjavík  
Sigurður Kr. Jónsson, Blönduósi  
Ása Jóhannsdóttir, Reykjavík  
Sigursteinn Bjarnason, Stafni  
Erla Jakobsdóttir, Síðu  
Caroline Mende, Þýskalandi  
Halldór Halldórs, Hafnarfirði  
Guðlaugur Guðmundsson  
Aðalbjörg Valdimarsdóttir, Bakkakoti  
Sigríður Ragnarsdóttir, Blönduósi  
Héraðsbókasafn Austur Húnavetninga  
Benedikt Blöndal Lárusson, Blönduósi  
Ingibjörg Eysteinsdóttir, Beinakeldu

Svala Runólfsdóttir, héraðsskjalavörður